

Hafnarnefndarfundur Skagastrandarhafnar.

Mánudaginn 23. ágúst 2004 var fundur haldinn í hafnarnefnd á skrifstofu hreppsins. Á fundinum voru mætt: Adolf J. Berndsen, Eðvarð Ingvason, Árni Sigurðsson, Sævar R. Hallgrímsson, Egill Bjarki Gunnarsson, Þórey Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson. Fundur hófst kl. 17.00

Formaður, Adolf J. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Rekstur hafnarinnar.

Fyrir fundinum lá yfirlit um rekstur hafnarinnar, útprentað úr bókhaldi sveitarfélagsins. Umræður urðu um stöðu bókhalds miðað við 1. ágúst en ekki gerðar sérstakar athugasemdir.

Sveitarstjóri benti á og útskýrði að talsverður kostnaður myndi falla á rekstur hafnarinnar vegna ýmissa verkefna og kom fram að eftirfarandi er fyrirbyggjandi:

a) Öryggismál.

Talsverður kostnaður verður vegna uppsetningar öryggisstiga og annars frágangs vegna öryggismála.

b) Skemmdir.

Viðgerðarkostnaður verður talsverður vegna skemmda eftir stærri skip. Annars vegar eru skemmdir á kanti eftir togarann Örvar sem slóst í kantinn í óveðri í vetur. Hins vegar er skemmd í stálþili eftir árekstur á Miðgarð. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er um 2 milljónir króna. Samþykkt að óska eftir lögregluskýrslu til að sýna fram á ábyrgð þess sem siglt hafi á þilið.

c) Skábraut.

Lenging skábrautar er fyrirbyggjandi og verður framkvæmd á haustdögum. Áætlaður kostnaður er um 300 þús.

2. Hafnaáætlun 2005-2008.

Fyrir fundinum lá bréf Siglingastofnunar þar sem hafnaáætlun er kynnt og greint frá því að ríkisstyrkir framkvæmda fari eftir 24. gr. hafnalaganna. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir dýpkun árið 2005 og lengingu viðlegukants árið 2006. Árin 2007-2008 er geert ráð fyrir endurbyggingu á plani og löndunarbyggju auk viðhaldsdýpkunar á innsiglingu. Hafnarnefnd gerði ekki athugasemdir við þessa áætlun en talsverðar umræður urðu um skipulag hafnarinnar með tilliti til framkvæmda 2007-2008. Samþykkt að óska eftir samstarfi og samráði við starfsmenn Siglingastofnunar um að finna bestu lausnir á fyrirkomulagi gömlu löndunarbyggjunnar (Ásgarðs).

Fyrir fundinum lá einnig bréf sveitarstjóra til Siglingastofnunar þar sem óskað er eftir að undanþáguákvæði b- liðar 24. gr. hafnalaga verði látið gilda um framkvæmdir og ríkisframlag 2007-2008. Hafnarnefnd tók undir efni bréfsins.

3. Bréf:

a) Hafnasambands sveitarfélaga 18. ágúst 2004.

Með bréfinu er boðað til hafnasambandsþings í Reykjavík dagana 28.-29. október nk. Bréfið var til kynninga.

b) Hafnasambands sveitarfélaga 7. maí 2004.

Meðfylgjandi bréfinu var bréf Samgönguráðuneytisins dags. 7. janúar 2004 um túlkun á 4. mgr. 17. gr. hafnalaga.

Bréfin voru til kynninga.

4. Önnur mál.

Sveitarstjóri upplýsti að kostnaður við malbikun á gámasvæði við Miðgarð sé áætluð um 6 milljónir króna. Umræður urðu um hvort ráðist skyldi í malbikun á þessu ári en niðurstaða umræðunnar var að vísa því til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar 2005.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.50

Adolf J. Berndsen

Magnús B. Jónsson

Árni Sigurðsson

Sævar Hallgrímsson

Eðvarð Ingvason

Bjarki Gunnarsson

Þórey Jónsdóttir.